

Kratus ehf.
Klafastaðavegi 4
301 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 14. júní 2016
UST201502-110/E.D.K.
08.07.02

Samþykkt úrbótaáætlun - frestun álagningar dagsekta

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 17. nóvember 2015, þar sem álagningu dagsekta að upphæð kr. 50.000 á dag vegna tveggja frávíka frá starfsleyfi var frestað til 16. febrúar 2016.

Frávikin eru eftirfarandi:

- **Frávik frá gr. 2.13:** Fínryki hefur ekki verið skilað til viðeigandi spilliefnamóttöku og er því safnað upp í gámum á lóðinni og í geymslu í Gjáhelli 11 í Hafnafirði. Skv. grein 2.13 skal spilliefnum skilað til viðurkenndrar spilliefnamóttöku og ávallt skal gæta þess að ekki safnist upp birgðir af spilliefnum.
- **Frávik frá gr. 2.15:** Útflutningur á síuryki til endurvinnsluaðila er ekki hafinn og er þessum úrgangi safnað fyrir á lóð verksmiðjunnar. Almennum framleiðsluúrgangi, þ.m.t. síuryki, skal skila á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang eða koma í lögmætan endurvinnsluferil. Varanleg geymsla hvers konar úrgangs á verksmiðjувæðinu er óheimil.


Hvorki fínryki né síuryki var komið til viðurkenndrar spilliefna móttöku fyrir 16. febrúar sl. en rekstraraðili náði þó þeim árangri að þessi úrgangur safnast ekki lengur upp og uppsafnaðar birgðir hafa verið unnar niður að hluta, en það var gert með því að breyta ferlinum á þann hátt að hætt hefur verið að sigta fínrykið frá fyrir vinnslu álgjallsins og þá er síuryki bætt inn í svokallaða saltköku og fer í endurvinnslu sem hluti af henni. Rekstraraðili kynnti þennan árangur og áætlun um framhald málsins á fundi með Umhverfisstofnun 17. mars sl. Þegar reglubundið eftirlit fór fram 30. maí sl. var staðan sú að eftir sitja um 530 tonn samanlagt af síuryki og fínryki sem geymt er í lokuðum gámum á lóð rekstraraðila. Það tekur rekstraraðila um 3 mánuði að vinna um 100 tonn svo gera má ráð fyrir að á 18 mánuðum muni rekstraraðila takast að klára uppsafnaðar birgðir. Rekstraraðili hefur kynnt aðrar mögulegar ráðstöfunarleiðir fyrir þann úrgang sem frávikin snúa að, en þær leiðir eru á tilraunastigi og ekki í hendi, svo Umhverfisstofnun mun ekki taka afstöðu til þeirra. Umhverfisstofnun samþykkir áætlun rekstraraðila um að vinna niður uppsafnaðar birgðir af fínryki og síuryki jafnt og þétt og mun fylgjast með framgangi mála í reglubundnu eftirliti.

Umhverfisstofnun samþykkir áætlun rekstraraðila og frestar álagningu dagsekta til 1. desember 2017, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og fer fram á að rekstraraðili sendi inn staðfestingu á gerðum úrbótum eigi síðar en 30. nóvember 2017. Umhverfisstofnun lítur svo á að fullnægjandi úrbætur feli það í sér að öllum uppsöfnuðum birgðum af fínryki og síuryki hafi verið ráðstafað á viðurkenndan hátt.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni þessara tveggja frávika, sbr. þetta bréf og einnig bréf dagsett 21. október 2015, 17. nóvember 2015 og fund 17. mars sl., verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 og er 83.300 kr.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Evu Dögg Kristjánsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á eva.kristjansdottir@ust.is. Áætlun og/eða gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is

Virðingarfyllst


Sigrún Agúsdóttir
sviðsstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur